# FRÉTTABLAÐIÐ

154. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 5. JÚLÍ 2019





Mikill fjöldi kom saman í miðbæ Reykjavíkur síðdegis í gær til að mótmæla fyrirhugaðri brottvísun tveggja afganskra fjölskyldna til Grikklands. Gengið var frá Hallgrímskirkju niður að dómsmálaráðuneytinu, svo þaðan niður á Austurvöll. Hin fjórtán ára Zainab Safari, svartklædd fremst á myndinni, sem vísa á úr landi, leiddi gönguna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af mótmælunum er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Þungt hljóð í grasrót Sjálfstæðisflokks

**Mikils pirrings gætir í grasrót Sjálfstæðisflokksins með forystu flokksins. Áhyggjur flokksmanna snúa frekar að vinstrislagsíðu stjórnarinnar en deilunni um þriðja orkupakkann og gagnrýni uppgjafaformanna flokksins, sá skjálfti er að mestu hjaðnaður.**

**STJÓRNMÁL** Staðan er erfið í grasrót Sjálfstæðisflokksins. Það er ekki aðeins ágreiningur um þriðja orkupakkann og opinberar skeytasendingar milli forystunnar og uppgjafaformanna flokksins heldur er vinstri slagsíða á stjórnarheimilinu helsti uppruni pirrings í grasrót flokksins að mati viðmælenda blaðsins.

Áhersla á skattlagningu, sektarheimildir til Jafnréttisstofu og bann við sölu ríkisfyrirtækja á borð við Íslandspóst er meðal þess sem viðmælendur blaðsins hafa nefnt sem dæmi um vinstri áherslur sem fara fyrir brjóstið á flokksmönnum. Áhersla forystunnar á að höfða til Viðreisnarfylgis á kostnað stefnumála flokksins er einnig nefnd forystunni til foráttu.

Þótt formaður flokksins njóti almenns stuðnings gætir nokkurrar óánægju með að hann sé að breytast í embættismann og það vanti orðið í hann alla pólitík. Hann þykir standa sig vel í sínu ráðuneyti en það dugir ekki fyrir formann Sjálfstæðisflokksins að reka ríkið vel. Það þurfi líka að tala um stjórnmál og ræða hægrimálin.

**» Nokkurrar óánægju gætir meðal flokksmanna með að formaðurinn sé að breytast í embættismann.**

Ágreiningur innan flokksins um þriðja orkupakkann er að mati viðmælenda flokksins að mestu leyti í hverfafélögunum í Reykjavík. „Ég er mjög ósáttur. Ég hef talað við fullt af fólki sem er ósátt og margir þeirra hafa sagt sig úr flokknum. Ef þetta fer í gegn, þá mun ég segja mig úr flokknum ásamt fleirum,“ segir Hafsteinn Númason, formaður Sjálfstæðisfélags Kjalnesinga, um þriðja orkupakkann.

Hverfafélögin í Reykjavík hafa lengi talist eitt helsta vígi Guðlaugs Þórs Þórðarsonar og er mönnum nú tíðrætt um óyndi meðal stuðningsmanna hans.

Heilt yfir hafa viðmælendur blaðsins frekar áhyggjur af vinstrislagsíðu stjórnarinnar en deilum um þriðja orkupakkann og gagnrýni uppgjafaformanna á forystu flokksins. Sá skjálfti sem farið hefur um flokkinn vegna þess er að mestu hjaðnaður.

Þá bíða menn einnig tiltölulega rólegir eftir ákvörðun um nýjan dómsmálaráðherra. Þingflokkurinn fundar í dag og er gert ráð fyrir að málið beri þar á góma en ekki er búist við að tilkynnt verði um nýjan ráðherra fyrr en síðsumars. – **aá**

## Útilegudressið gert klárt

**GLAMOUR** Það er sniðugt að vera vel undirbúinn fyrir útilegu. Glamour tók saman nokkur flott dress frá Glastonbury-hátíðinni sem nýlega var haldin á Englandi. Þar voru stjörnur eins og Alexa Chung, Pixie Geldof og Camille Charriere vel klæddar og tilbúnar í allt. Jakki og góðir skór eru aðalatriði. Hjá sönnum Íslendingi þarf regnjakkinn að vera til staðar og það er mikilvægt að vera tilbúinn fyrir hvaða veður sem er. – **eg** /



**sjá síðu 26**

## Fréttablaðið í dag




Halldór 8

**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um gervigreind. 9

**SPORT** Fréttablaðið fór í sögubækurnar og fletti upp þeim sem hafa tekið við liði þar sem ferillinn fór á flug og jafnvel bikurum var lyft. 10

**MENNING** Sjö listamenn sýna í Berg Contemporary. 20

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ÚTIVIST OG GÖNGUR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Suðlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s, en norðan og norðaustan 8-13 norðan og vestan til. Rigning eða skúrir og líkur á hellidembum í dag. Snýst í norðlæga átt á öllu landinu í kvöld og nótt. Styttir upp í fyrramálið og léttir til um sunnanvert landið.

SJÁ SÍÐU 16

# Reynt við laxa



Þessi fluguveiðimaður freistaði þess í gær að krækja í lax í holu neðan Sjávarfoss í Elliðaánum. Ágæt veiði hefur verið í ánum í byrjun tímabilsins. Í fyrrakvöld hafði 81 fiskur verið dreginn á land. Í spjallhópi um Elliðaárnar á Facebook segir Jóhannes Sturlaugsson fiskifræðingur venju fremur góðan kraft í göngum laxa í árnar það sem af er sumri þótt það sé ekki nauðsynlega ávísun á heildargöngur sumarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Klippt á lása.** NORDICPHOTOS/GETTY.

## Grunur um skipulagðan hjólaþjófnað

**LÖGREGLUMÁL** Undanfarna mánuði hefur reiðhjólaþjófnaður færst í vöxt og grunur leikur á að um skipulagða glæpastarfsemi sé að ræða. Klippt er á lása og brotist inn í reiðhjólageymslur til að stela hjólunum.

Guðmundur Pétur Guðmundsson, lögreglufulltrúi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir að þjófnaður með þessum aðferðum hafi aukist undanfarið ár. Þó að ekki hafi tekist að sanna að um skipulagða starfsemi sé að ræða þá sé sterkur grunur um það.

„Við erum einmitt núna að rannsaka mál sem ýjar að því. Sá sakborningur sem við höfum yfirheyrt vill samt lítið gefa upp.“

Um er að ræða erlenda aðila og grunur leikur á að hjólunum sé komið úr landi í gámum. Áhugi þjófanna beinist fyrst og fremst að dýrari hjólum. Fislétt koltrefjareiðhjól geta kostað mörg hundruð þúsund krónur og jafnvel meira en milljón.

Guðmundur mælir með því að fólk sem á mjög dýr hjól, eða hjól sem því þykir vænt um, geymi þau inni hjá sér.

„Það er lítið endurheimt af þessum stolnu hjólum,“ segir hann. **– khg**

## Breyta á aðkomu að Bessastöðum

**SKIPULAG** Breytingar á deiliskipulagi Bessastaða eru í farvatninu með það að markmiði að bæta öryggi og aðgengi ferðamanna og annarra gesta Bessastaða.

Gert er ráð fyrir breytingum á aðkomu og bílastæðum fyrir framan forsetasetrið. Bílastæði fyrir 110 bíla verði á túni norðan við núverandi heimreið og fjær forsetasetrinu, en stæði fyrir hópferðabíla með fram heimreið að norðanverðu. Öryggishlið færist til.

Málið var rætt á fundi skipulagsnefndar Garðabæjar í gær og verður tillögunni vísað til auglýsingar í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

Umsagna verður aflað frá Minjastofnun, Vegagerðinni og veitustofnunum. **– aá**

# Útgáfa tekjublaða sumarsins í uppnámi

**Töluverð óvissa ríkir um hvort hægt verður að gefa út tekjublöð í sumar en enn er ekki vitað hvaða upplýsingar munu koma fram í álagningarskrám. Mikið er í húfi fyrir þá fjölmiðla sem gefa út, bæði hvað varðar sölu og auglýsingar.**

**SKATTAMÁL** Enn ríkir mikil óvissa um hvort hægt verður að gefa út tekjublöð í ár. Nýlega var tekin ákvörðun hjá Ríkisskattstjóra um að í álagningarskrám verði einstaklingar greinanlegir hver frá öðrum. Það er að nöfn, fæðingardagar og heimilisföng munu verða birt. Kristín Gunnarsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu yfirstjórnar, segir hins vegar að endanleg ákvörðun um birtingu einstakra gjaldflokka hafi ekki enn verið tekin.

Fjölmiðlar hafa unnið tölurnar upp úr þeim með ákveðinni reikniformúlu og farið gæti svo að hún reyndist gagnslaus eða brengluð.

Í nóvember úrskurðaði Persónuvernd að Viskubrunnur ehf., sem rak vefsíðuna tekjur.is, skyldi eyða gagnagrunni sínum á grundvelli nýrra persónuverndarlaga. Hefur starfsfólk Ríkisskattstjóra verið lengi að túlka niðurstöðuna vegna álagningarskránna. Þann 31. maí síðastliðinn átti að birta skrárnar en á síðustu stundu var ákveðið að fresta birtingu þeirra þar til 19. ágúst. Því fylgdi töluvert rask fyrir þá fjölmiðla sem hafa á undanförnum árum gefið út tekjublöð, Frjálsa verslun og DV.

Frjáls verslun, sem jafnan kemur út fimm sinnum á ári, hefur ekki gefið út blað síðan í mars. Að sögn Trausta Hafliðasonar ritstjóra er stefnan sett á að gefa út tvö blöð í ágúst. Tekjublað og 80 ára afmælisblað. Í samtali við Fréttablaðið segir Trausti:

„Við höfum miðað allan okkar undirbúning við að gefa út tekjublað um miðjan ágúst. En þetta er ekki í okkar höndum. Það gefur augaleið að ef þessar upplýsingar verða ekki birtar þá mun tekjublað Frjálsrar verslunar ekki koma út, né annarra.“

Ef fer svo að fjölmiðlarnir geti ekki gefið út tekjublöð er ljóst að það verður mikið högg fyrir þá. Tekjublöðin eru söluhæstu blöð ársins og auglýsingasalan hleypur á milljónum.



**Lögfræðingar Ríkisskattstjóra eru enn að meta úrskurð Persónuverndar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Rask hefur orðið á útgáfu tímaritsins Frjálsrar verslunar. Það kom síðast út í mars og tvö blöð munu koma út í ágúst ef tekjublaðið kemur út.**

kristinnhaukur@frettabladid.is





LUKKU
TÍVOLÍS
SNÚÐU Á HEPPNINA Á OLÍS
ALLIR VINNA SEM SNÚA
ÖLL BÖRN FÁ ÍS*
Kjörís
AÐALVINNINGUR
1.000.000 VILDARPUNKTAR
ICELANDAIR
*á meðan birgðir endast
Á FÖSTUDÖGUM Í SUMAR, LUKKUHJÓL OLÍS VERÐUR Á VÖLDUM STÖÐVUM MILLI KL. 15 OG 17. ÓTAL SPENNANDI VINNINGAR Í BOÐI.
NÁNAR Á OLIS.IS/TIVOLIS
FÖS. 5. JÚLÍ FRÁ KL. 15–17
AKUREYRI
GULLINBRÚ
HELLA
olís

# Eðlilegt að kosið verði um skipulag í nágrenni Elliðaárdalsins

**REYKJAVÍK** Meirihluti borgarráðs Reykjavíkur samþykkti nýtt deiliskipulag fyrir Stekkjarbakka, í nágrenni Elliðaárdalsins, á fundi sínum í gær. Málið er mjög umdeilt og fundaði borgarráð tveimur tímum lengur í gær en gert var ráð fyrir.

Er það afstaða meirihlutans að svæðið sem um ræðir sé ekki hluti af Elliðaárdalnum og flokkist ekki sem grænt svæði.

Í bréfi Umhverfisstofnunar til skipulags- og samgönguráðs segir stofnunin að byggingarnar muni yfirtaka stóran hluta af útivistarsvæði sem nú er fyrir almenning og þrengja að vatnasviðinu, sem fyrr segir, og þrengja að aðkomu almennings að svæðinu.

„Við gáfum þeim tækifæri til að fresta þessu og fara betur yfir málið. Það kom í ljós að þau eru ekki einu sinni búin að svara bréfi Umhverfisstofnunar frá því í mars,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins.

„Það að klára málið án þess að svara þessu bréfi eða funda með stofnuninni er ótrúlegt. Sérstaklega þegar Vinstri grænir segjast vera grænir og Píratar segjast vera vænir, það er ekki trúverðugt.“ Eyþór segir að boltinn sé nú hjá íbúum. „Þeir hafa verið duglegir við að láta í sér heyra. Þeir hafa sumir verið að tala um íbúakosningu, mér finnst eðlilegt að það sé kosið um svona mál eins og gert hefur verið með skipulagsmál í öðrum sveitarfélögum.“

Halldór Páll Gíslason, formaður Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins, segir að málið beri það með sér að hafa verið keyrt í gegn án þess að taka tillit til athugasemda. „Við munum byrja á að kæra þetta til Skipulagsstofnunar. Svo er það bara íbúakosning, það er ekkert annað í boði.“ – **ab**

**Við munum byrja á að kæra þetta til Skipulagsstofnunar. Svo er það bara íbúakosning, það er ekkert annað í boði.**



Halldór Páll Gíslason, formaður Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins



**Félagsheimilið Logaland.**

## Opnir fundir um þjóðgarð

**STJÓRNSÝSLA** Þverpólitísk nefnd sem vinnur að tillögum um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu hefur nú boðað til opinna funda. Sveitarfélög víða um land hafa almennt lagst gegn þessum áformum.

„Á fundunum verður farið yfir verkefni nefndarinnar fram til þessa, ásamt því að ræða lokaskrefin í vinnu hennar,“ segir á vef Skagafjarðar. Fyrri fundurinn fer fram í Logalandi í Borgarfirði 12. ágúst og sá síðari í Stórutjarnaskóla í Þingeyjarsveit 26. ágúst. Áætlað er að nefndin skili lokaskýrslu með tillögum sínum til umhverfis- og auðlindaráðherra í september. – **gar**

## Íranar æfir út í Breta

**ÍRAN** Breski sendiherrann í írönsku höfuðborginni Teheran hefur verið kallaður á fund stjórnvalda vegna þess sem Íransstjórn segir ólöglega kyrrsetningu íransks olíuflutningaskips við Gíbraltar. Breski sjóherinn aðstoðaði yfirvöld á hinu breska Gíbraltar við kyrrsetninguna vegna þess að gögn bentu til þess að skipið væri að flytja olíu til Sýrlands, í trássi við viðskiptaþvinganir.

Haft var eftir upplýsingafulltrúa íranska utanríkisráðuneytisins að Íransstjórn „mótmælti harðlega ólöglegri og óásættanlegri“ kyrrsetningu skipsins, sem siglir undir panömskum fána og er á skrá hjá skipafélagi sem skráð er í Singapúr. – **þea**

# Vilja búa til ísgöng í stað hella sem eru að bráðna í Langjökli

Fyrirtækið Mountaineers of Iceland fékk leyfi frá Bláskógabyggð til að grafa í Suðurjökul Langjökuls til að útbúa þar eitt hundrað metra ísgöng. Herbert Hauksson, stofnandi fyrirtækisins, segir náttúrulega íshella í jökulsporðinum vera að bráðna. Bjóða þurfi ferðamönnum nýjan möguleika á breyttum tímum.

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Það verður að bregðast við breytingum, ekki síst þegar ferðamönnum er að fækka, til að hafa eitthvað upp á að bjóða,“ segir Herbert Hauksson hjá Mountaineers of Iceland, sem vilja fá að gera ísgöng í Suðurjökli í Langjökli.

Í umsókn Mountaineers of Iceland til Bláskógabyggðar frá í apríl er óskað eftir 50 sinnum 500 metra lóð á Suðurjökli við Skálpanes til að gera manngerð ísgöng. Afgreiðslu málsins var frestað í maí en var aftur tekið fyrir á sveitarstjórnarfundi í gær þar sem umsóknin var samþykkt.

„Við höfum verið að sýna ferðamönnum náttúrulega íshella í jökulsporðinum. Þeir eru bara að bráðna í burtu,“ segir Herbert sem kveður bráðnunina vera mjög hraða.

Aðspurður hvort ísgöngin verði lík þeim sem eru í vestanverðum Langjökli segir Herbert nýju göngin aðeins vera um eitt hundrað metrar að lengd en ekki um fimm hundruð. „Við verðum í um sjö til átta hundrað metra hæð, það er eiginlega í jökulsporðinum. Við ætlum að reyna að vera í sem þéttustum ís þannig að þetta haldist sem best og ísinn sé glær svo það sé hægt að sjá inn í hann,“ útskýrir Herbert.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar veitti í gær leyfi til eins árs fyrir starfsemi á svæðinu. „Verði breyting á aðalskipulagi samþykkt eins og óskað er eftir, yrði skilgreind lóð fyrir íshelli, gerður samningur milli sveitarfélagsins og ríkisins á grundvelli reglna um þjóðlendur, og lóðin auglýst til úthlutunar,“ segir Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.

„Þetta er allt á byrjunarstigi,“ undirstrikar Herbert. „Þetta er kapphlaup við tímann því hinir hellarnir eru að hverfa,“ segir Herbert sem kveður jöklaskoðun mjög vinsæla meðal ferðamanna. „Jöklarnir eru náttúrulega á hverfanda hveli í hlýnandi loftslagi og mönnum finnst þeir vera mjög sérstakir. Þeir vilja komast inn í jökulinn eða inn í einhvers konar göng,“ segir Herbert.

**gar@frettabladid.is**



**Íshellir sem ferðamenn skoða á vegum Mountaineers of Iceland í Suðurjökli.** MYND/ MOUNTAINEERS OF ICELAND

**Við ætlum að reyna að vera í sem þéttustum ís þannig að þetta haldist sem best og ísinn sé glær svo það sé hægt að sjá inn í hann.**



Herbert Hauksson, stofnandi Mountaineers of Iceland






# Horfa þarf til Hvassahraunsmöguleika

**SKIPULAGSMÁL** Taka þarf mið af mögulegri uppbyggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni í mati á umhverfisáhrifum stækkunar Keflavíkurflugvallar. Þetta kemur fram í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun fyrir verkefnið sem birt var á vef stofnunarinnar í gær.

Í tillögu Isavia að matsáætlun eru settir fram tveir meginvalkostir um stækkun flugvallarins í Keflavík. Samtök um betri byggð telja að bera þurfi fyrirhugaðar framkvæmdir saman við aðra valkosti um uppbyggingu á aðstöðu fyrir millilandaflug og innanlandsflug á suðvesturhorninu. Þetta kemur fram í athugasemdum samtakanna við tillögu Isavía að matsáætlun til Skipulagsstofnunar. Í svörum Isavia við þessum athugasemdum kemur fram að „fyrirtækið telji það ekki einn af þeim meginvalkostum sem hægt sé að kanna í þessu samhengi“ heldur ekki verið hlutverk umhverfismats á stækkun Keflavíkurflugvallar að meta umhverfisáhrif af uppbyggingu annarra flugvalla“.



**Stækkun Keflavíkurflugvallar er í farvatninu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skipulagsstofnun er ekki sammála Isavia að því leyti og bendir á að starfshópur sé starfandi á vegum stjórnvalda sem hafi það hlutverk að skoða uppbyggingu flugvallar í Hvassahrauni. „Það liggur því fyrir að litið er á uppbyggingu flugvallar þar sem mögulegan eða raunhæfan valkost. Af þeim sökum þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir stöðu mála varðandi mögulega flugvallaruppbyggingu í Hvassahrauni,“ segir í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun verkefnisins. Fram kemur að fjalla þurfi um fyrirhugaða uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli og umhverfisáhrif hennar miðað við mögulega sviðsmynd um að byggður verði flugvöllur í Hvassahrauni. Einnig þurfi að gera grein fyrir fyrirhugaðri áfangaskiptingu framkvæmdanna miðað við áformaða afkastagetu flugvallarins í hverjum áfanga, sem skoðist þá jafnframt sem valkostir um uppbyggingu flugvallarins. – **aá**

# SKÓLATÖSKUDAGAR

## 3.-14. júlí

**25% afsláttur**

**Allar JEVA töskur hafa góðan bakstuðning og þeim fylgir:**

- Vatnsbrúsi
- Nestisbox
- Íþróttapoki



**JEVA skólataska 16 l**
**15.142 kr**
verð áður 20.189 kr



**JEVA skólataska 16 l**
**15.142 kr**
verð áður 20.189 kr



**JEVA skólataska 16 l**
**15.142 kr**
verð áður 20.189 kr



**JEVA skólataska 16 l**
**15.142 kr**
verð áður 20.189 kr



**JEVA skólataska 16 l**
**15.142 kr**
verð áður 20.189 kr



**JEVA skólataska 16 l**
**15.142 kr**
verð áður 20.189 kr



**JEVA skólataska 16 l**
**10.499 kr**
verð áður 13.999 kr



**JEVA skólataska 21 l**
**15.142 kr**
verð áður 20.189 kr



**Pulse skólataska**
**7.424 kr**
verð áður 9.899 kr



**JEVA skólataska 21 l**
**15.142 kr**
verð áður 20.189 kr



**Pulse skólataska**
**6.674 kr**
verð áður 8.899 kr



tvær töskur í einni

**Pulse skólataska**
**12.674 kr**
verð áður 16.899 kr

Allt úrvalið er í Smáralind, Garðabæ, Kringlu og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi

24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga

## Til sölu eru eftirtaldar hópferðabifreiðar:

**Bifreiðar:**

1. NK-652 Man Neoplan P21, hópbifreið, fyrst skráð 2006
2. JE-R85 Scania K400, hópbifreið, fyrst skráð 2013
3. UJ-087 Volvo B12 / M, hópbifreið, fyrst skráð 2007
4. NV-B64 Mercedes Bens Sprinter 4x4, hópbifreið, fyrst skráð 2013
5. PD-R53 Ling Long XMQ 6900Y, fyrst skráð 2016
6. OI-S91 Ling Long XMQ 6900Y, fyrst skráð 2016
7. KH-Z21 Ling Long XMQ 6900Y, fyrst skráð 2016
8. KR-P02 Ling Long XMQ 6900Y, fyrst skráð 2016
9. PS-G81 Ling Long XMQ 6900Y, fyrst skráð 2016
10. LL-K62 King Long XMQ 6996, fyrst skráð 2014
11. PJ-R31 King Long XMQ 6996, fyrst skráð 2014
12. NK-B86 King Long XMQ 6127, fyrst skráð 2013

Upplýsingar um ökutæki veitir Bjarni Knútsson í síma 820 0820 á milli 8-18 virka daga.

Tilboð í fleiri ökutæki en eitt skulu berast sundurliðuð. Tilboð skulu innihalda kennitölu, nafn og netfang bjóðanda.

Tilboð skulu berast á netfangið bjarni@svartaperlan.is **eigi síðar en miðvikudaginn 10. júlí 2019 n.k.**

Seljandi gefur út vsk reikning.

Áskilinn er allur réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.





Kvika gefur út sex mánaða víxla

Reykjavík, 5. júlí 2019

Kvika banki hf. hefur gefið út sex mánaða víxla að fjárhæð 2.000 milljónir króna. Um er að ræða útgáfu í víxlaflokknum KVB 19 1219 og er heildarheimild flokksins 2.000 milljónir króna. Fjármálaeftirlitið staðfesti lýsingu vegna umsóknar um töku víxlanna til viðskipta þann 4. júlí 2019, og sótt hefur verið um töku víxlanna til viðskipta í Kauphöll Íslands.

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar í höfuðstöðvum Kviku, Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu Kviku, *www.kvika.is/vixlar*

KVIKA

kvika.is



HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook






Björn Arnar Magnússon, framkvæmdastjóri Brynju, segir ráðuneytið hunsa erindi sjóðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sjóðurinn snuðaður og ráðuneyti á flótta

**Brynja, hússjóður Öryrkjabandalags Íslands, hefur í fjóra mánuði beðið eftir svörum frá félagsmálaráðherra vegna reglugerðarbreytinga sem gerðar voru í fyrra. Sjóðurinn telur á sig hallað. Þurftu að loka fyrir biðlista vegna málsins.**

**HÚSNÆÐISMÁL** „Við erum að mótmæla þessari reglugerð sem sett var í byrjun desember en við erum búin að bíða í fjóra mánuði eftir svari og það virðist lítið bóla á því,“ segir Björn Arnar Magnússon, framkvæmdastjóri Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ). Lögfræðingur sjóðsins hefur reynt að fá svör frá félagsmálaráðuneytinu án árangurs.

Breytingarnar sem sjóðurinn gagnrýnir varða reglugerð um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfseignarstofnanir og almennar íbúðir. Með breytingarreglugerðinni er aukið við stofnreglugerðina ákvæði þess efnis að minnst tveir þriðju hlutar fjármagns sem til úthlutunar sé skuli renna til íbúða sem ætlaðar eru tekju- og eignalitlum leigjendum á vinnumarkaði. Af ákvæði þessu leiðir að í mesta lagi einn þriðji af því fjármagni sem stjórnvöld hafa ákveðið að verja í stofnframlög samkvæmt lögum kemur til greina við úthlutanir framlaga til byggingar eða kaupa á íbúðum sem ætlaðar eru öryrkjum, öldruðum, námsmönnum eða öðrum hópum sem falla undir lögin og eru ekki á vinnumarkaði.

> **Ráðuneytið virðist ekki ætla að svara, ég veit ekki hvort það er svona erfitt að svara þessu.**
>
> Björn Arnar Magnússon, framkvæmdastjóri Brynju hússjóðs

„Þannig að 67 prósent af stofnframlögum fari til leigufélaga sem eru að þjóna fólki á vinnumarkaði, síðan fá sveitarfélögin 25 prósent og þá eru ekki nema átta prósent eftir fyrir öryrkja, aldraða og námsmenn af heildarpakkanum, sem er nú töluvert stór,“ segir Björn Arnar og segir sjóðinn og lögfræðinga hans telja að þarna sé að auki verið að brjóta gegn jafnræðisreglunni.

Í ítrekuðum erindum lögfræðings hússjóðsins til ráðuneytisins, sem síðast var ítrekað nú í lok júní er óskað eftir afstöðu ráðherra um hvort og þá hvernig tiltekin ákvæði reglugerðarinnar eigi sér stoð í lögum og stjórnarskrá. Engin svör hafa þó borist Brynju í fjóra mánuði og segir Björn Arnar að menn séu orðnir langeygir.

„Ráðuneytið virðist ekki ætla að svara, ég veit ekki hvort það er svona erfitt að svara þessu. En þetta hefur töluverð áhrif og við erum ósátt við hvert megnið af peningunum er að fara,“ segir Björn Arnar.

„Við erum með 600 manns á biðlista og höfum lokað fyrir hann því við teljum okkur ekkert geta komist áfram meðan við fáum engin stofnframlög frá ríki og sveitarfélögum.“

**mikael@frettabladid.is**

# Milljónatuga lekatjón í sundlauginni

**ÍSAFJARÐARBÆR** Lekatjón á þaki sundlaugar Flateyrar er metið á 53,3 milljónir króna. Þetta kemur fram í tjónamati sem Tækniþjónusta Vestfjarða skilaði sveitarfélaginu og kynnt var í minnisblaði sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar í síðustu viku.

Þar er rakið að í febrúar 2019 hafi komið í ljós mikill leki inni á þaki sundlaugar Flateyrar og kom í ljós við nánari skoðun að um lagnaleka væri að ræða.

„Ljóst er að lekinn hefur verið til staðar í nokkurn tíma og ástand þaksins því orðið nokkuð slæmt,“ segir í minnisblaði sviðsstjórans.

Í mars staðfesti vátryggingarfélag sveitarfélagsins bótaskyldu vegna tjónsins og var tækniþjónustan fengin til að taka út skemmdirnar og orsakir tugmilljónatjónsins. Segir að lokum að endanlegar bætur hafi ekki enn verið samþykktar en að málið verði útkljáð að loknu sumarleyfi. – **smj**



Lekatjón varð í sundlaug Flateyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Við nánari skoðun kom í ljós að um lagnaleka var að ræða.**



# Mótmæltu brottvísunum

Mikill fjöldi kom saman í miðbæ Reykjavíkur síðdegis í gær til að mótmæla fyrirhugaðri brottvísun tveggja afganskra fjölskyldna. Hin fjórtán ára Zainab Safari, sem vísa á úr landi, leiddi gönguna. Hún er fyrir miðju á myndinni fyrir neðan. Valli, ljósmyndari Fréttablaðsins, náði þessum myndum.









SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á WWW.BILALAND.IS

Ný og ómótstæðileg tilboð daglega!

# LAGER SALA

AFSLÁTTUR 400.000 KR.




**NISSAN Juke Acenta 2wd**
Nýskr. 05/17, ekinn 68 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.590.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.190.000 kr.**

AFSLÁTTUR 700.000 KR.




**SUBARU Outback Premium Eyesight**
Nýskr. 06/17, ekinn 56 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.390.000 kr.

**TILBOÐ!**
**3.690.000 kr.**

AFSLÁTTUR 600.000 KR.




**BMW 5 520d Xdrive**
Nýskr. 01/16, ekinn 54 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.990.000 kr.

**TILBOÐ!**
**4.390.000 kr.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.




**RENAULT Clio Sport Tourer**
Nýskr. 03/15, ekinn 58 þ.km, dísil, 5 gírar.
Verð 1.690.000 kr.

**TILBOÐ!**
**1.290.000 kr.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.




**HYUNDAI I20 Premium**
Nýskr. 06/17, ekinn 19 þ.km, dísil, 6 gírar.
Verð 2.390.000 kr.

**TILBOÐ!**
**1.990.000 kr.**

AFSLÁTTUR 700.000 KR.




**RENAULT Kadjar Zen 4wd**
Nýskr. 04/17, ekinn 83 þ.km, dísil, 6 gírar.
Verð 3.190.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.490.000 kr.**

AFSLÁTTUR 600.000 KR.




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd.**
Nýskr. 06/16, ekinn 42 þ.km, dísil, 6 gírar.
Verð 3.490.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.890.000 kr.**

AFSLÁTTUR 300.000 KR.




**HYUNDAI I30 GL**
Nýskr. 06/17, ekinn 57 þ.km, bensín, 6 gírar.
Verð 1.990.000 kr.

**TILBOÐ!**
**1.690.000 kr.**

ENNEMM / SÍA / NM94783

## LAGERSALA BÍLALANDS ER Í FULLUM GANGI!

Nýlegir notaðir bílar á tilboðsverði sem slær allt annað út.

- ÁSTANDSSKOÐUN
- ALLT AÐ 80% LÁN
- FJÁRMÖGNUN Á STAÐNUM



www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga og laugardaga frá kl. 12–16**

Bílaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bílaland

# Á bremsunni



**Hörður Ægisson**
hordur@frettabladid.is

Spurningin er ekki hvort heldur aðeins hversu mikill efnahagssamdrátturinn verður. Höggið við fall WOW air, ásamt vandræðum Icelandair með MAX-vélarnar, þýðir að ferðamönnum mun að líkindum fækka um liðlega 20 prósent. Atvinnuleysi er á hraðri uppleið enda þótt mörg fyrirtæki, einkum í ferðaþjónustu, séu að bíða með sársaukafullar hagræðingaraðgerðir. Það mun breytast. Á komandi hausti er hætt við því að við munum sjá holskeflu uppsagna. Þá er húsnæðismarkaðurinn að kólna og mörg stór verktakafyrirtæki, sem sitja á eignum sem eiga ekki eftir að seljast á því verði sem áætlanir gerðu ráð fyrir eru að lenda í lausafjárerfiðleikum. Efnahagshorfurnar, að minnsta kosti til skemmri tíma, hafa því versnað. Ekki bætir úr skák að bankakerfið, sökum versnandi lausafjárstöðu í krónum, er illa í stakk búið til að koma að fjármögnun arðbærra verkefna í atvinnulífinu. Sú staða mun valda því að niðursveiflan verður dýpri en ella.

Seðlabankinn hefur gert sitt til að stemma stigu við þessari þróun. Vextir hafa verið lækkaðir um samtals 0,75 prósentur – þeir hefðu mátt lækka enn meira – og fjármálafyrirtækjum er nú heimilt að leggja fram sértryggð skuldabréf sem tryggingu í veðlánaviðskiptum við Seðlabankann. Sú aðgerð, sem er jákvætt skref en sætir engum stórtíðindum, ætti að vera til þess fallin að auka útlánagetu bankanna. Meira þarf samt að koma til. Háar eigin- og lausafjárkröfur gera það að verkum að slíkar ráðstafanir skila ekki þeim árangri sem þeim er ætlað. Stjórnvöld hafa kosið að ganga þjóða hvað lengst við innleiðingu á sérstökum eiginfjáraukum með þeim afleiðingum að bankarnir þurfa að binda um þrefalt meira eigið fé en aðrir evrópskir bankar. Útlánageta þeirra er af þeim sökum minni og vextir hærri.

Bankakerfið er á bremsunni. Mjög hefur hægst á nýjum útlánum á fyrstu mánuðum ársins og nemur samdrátturinn tugum prósenta. Fátt bendir til að á þessu verði breyting. Lausafjáreignir bankanna í krónum hafa minnkað verulega, sérstaklega á síðustu mánuðum, og svigrúm þeirra til að stækka útlánasöfn sín er þess vegna afar takmarkað. Sérstakur sveiflujöfnunarauki ofan á eiginfjárkröfur FME, sem hækkaði nú síðast um 0,5 prósentur í maí, mun hækka enn frekar í upphafi næsta árs. Sú hækkun byggir á ákvörðun fjármálastöðugleikaráðs í febrúar þegar efnahagshorfurnar voru aðrar og betri. Tímasetningin er því augljóslega fráleit. Hærri eiginfjárkröfur munu draga enn úr útlánagetu bankanna, einmitt á þeim tíma þegar hagkerfið þarf á auknu lánsfé að halda.

Er markmiðið að búa til öruggasta – og um leið dýrasta – fjármálakerfi í heimi? Sögulega séð hafa bankarnir líklega aldrei staðið traustari fótum. Þeim kröfum sem bönkunum hefur verið gert að uppfylla, sem eru margar hverjar skynsamlegar, fylgir hins vegar einnig kostnaður – og hann er greiddur af fyrirtækjum og heimilum. Öllum má nú vera ljóst að ákvörðun um að hækka enn eiginfjárkröfur á bankana, sem var í besta falli umdeilanleg þegar hún var tekin fyrir fimm mánuðum, stenst enga skoðun. Það standa fremur rök til þess að lækka þær og styðja þannig við útlánavöxt bankanna nú þegar hagkerfið er tekið að kólna.

**Er markmiðið að búa til öruggasta – og um leið dýrasta – fjármálakerfi í heimi?**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Líttu í spegil**

**Það er hresst áhugamál að fylgjast með ritstjóranum hugumljúfa í Hádegismóum. Núna er honum mikið niðri fyrir vegna greinar Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur sem birtist í mun víðlesnara dagblaði en hans eigin deginum áður. Hann talar með lítillækkandi hætti um þær Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur og Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur og segir Þorgerði búast við því að þær gangi til liðs við Viðreisn. Kvenhatur liðinna tíma leynir sér ekki þegar hann uppnefnir stjórnmálakonurnar sem „skjátur“. Orð með vægast sagt neikvæða merkingu. Ekki er langt síðan sá hinn sami talaði um þungunarrof sem „förgun á börnum“. Spurning hvort ritstjórinn líti ekki í spegil við tækifæri, ef hann getur það.**

**Sporslurnar**

**Heitir pottar landsins eru enn flissandi yfir máli siðanefndarinnar og Píratans. Málið á sér margar spaugilegar hliðar sem fólk úr öllum flokkum getur skemmt sér yfir. Forseti þingsins segir það augljóst að endurskoða þurfi það fyrirkomulag að þingmenn úrskurði um orð annarra þingmanna. Athygli vekur að hann virtist ekki jafn áhugasamur um að láta endurskoða það fyrirkomulag að hópur þingmanna hittist á lokuðum fundum og ákveði fyrirkomulagið á sporslunum.**

**arib@frettabladid.is**

# Ekki skemma miðbæinn



**Kolbrún Baldursdóttir**
borgarfulltrúi Flokks fólksins.

Framkvæmdir í miðborginni hafa leitt til þess að hún er að missa sjarmann. Áður sást víða yfir sundin en núna skyggja byggingar á útsýni. Úr borginni flýja rekstraraðilar og margir forðast að koma í bæinn nema til að sækja skemmtanalífið. Niðurstöður Zenter rannsókna staðfesta þetta ásamt almennri óánægju með framkvæmdir og breytingar.

Mistekist hefur að gera almenningssamgöngur að fýsilegum kosti. Þess í stað eru götur miðbæjarins þrengdar, þeim lokað og illa skipulagðar ljósastýringar og hraðahindranir settar upp. Nú er búið að hrekja stóran hluta reksturs úr miðbænum og sækja Miðbæingar meira verslun í Vesturbæinn. Mýrargata og Hringbraut eru sprungnar. Beygjuljósið við Geirsgötu logar í allt of stuttan tíma og veldur töfum við Hringbrautina.

**Hvernig getur bærinn orðið fyrir alla?**

Til að gera miðbæinn líflegan verður hann að vera fyrir alla, hafa aðgengi fyrir alla, sama með hvaða leiðum þeir koma. Lengi var ekki byggt nægjanlega í Reykjavík og fjöldi fólks ýmist heimilislaust eða fór annað. Nú er ofgnótt af dýrum íbúðum sem ekki seljast á meðan mörg hundruð bíða eftir hagkvæmu eða félagslegu húsnæði.

Flokkur fólksins hefur lagt fram tillögur um hvernig létta má á umferð og bæta aðgengi en þær felldar eða vísað frá. Ein stærstu mistök meirihlutans eru að hugsa ekki fyrir þörfum allra. Hér þarf að koma inn ný hugsun sem er sú að minnka tafir fyrir alla, líka þá sem eru á bílum. Ferð hvers einstaklings skiptir máli.

Borgarlína á að leysa vandann en mörgum spurningum er enn ósvarað. Hvar liggur hún, hvernig farartæki er hún og hvernig knúin? Hvað kostar að reka borgarlínu og hver á að reka hana?

Vandinn er núna og á honum þarf að taka. Nýta þarf tæknina til að auka umferðarflæði. Setja stýrikerfi á umferðarljós sem snýst um að lágmarka tafatíma hvers og eins. Nota tölvukerfi til að mæla flæðið, hindranir og tafir. Að hindra aðgengi eða refsa bíleigendum með aukinni gjald- og skattlagningu er ekki leiðin.

**Til að gera miðbæinn líflegan verður hann að vera fyrir alla, hafa aðgengi fyrir alla, sama með hvaða leiðum þeir koma.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Gervigreindir stjórnmálaleiðtogar

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

Eitt af því sem allir í heiminum virðast hafa miklar áhyggjur af um þessar mundir er hver verði áhrifin af aukinni sjálfvirknivæðingu næstu ára og áratuga. Ýmis störf sem mannshönd og hugur hafa leyst munu í auknum mæli verða sett inn í tölvuforskriftir. Meira að segja ýmis störf sem hingað til hafa þótt flókin, eins og læknastörf og lögfræðikúnstir, gætu orðið þessari þróun að bráð.

Það er hins vegar álit flestra sem spá fyrir um þessa hluti að þau störf sem krefjast djúprar dómgreindar og frjórrar sköpunargáfu muni lengst af öllum halda áfram að verða leyst af mannfólki. Fáum dettur í hug að tölvur muni á næstunni skrifa góðar ljóðrænar bókmenntir eða geta greint dýpstu spurningar mannlegrar tilvistar—enda kann gervigreindin að kæra sig kollótta um hugsýki og tilfinningasemi frumstæðra mannvera þegar fram í sækir.

**Rökrásir**

Hin svokallaða gervigreind hefur þó náð að leysa úr ýmiss konar viðfangsefnum. Mörg ár eru síðan forrituð tölva með mikla reiknigetu sigraði mesta skákmeistara sögunnar, Garrí Kasparov—og nú hefur enginn mannlegur máttur roð við tölvunum. Sífellt fleiri og flóknari leikir hafa orðið tölvugreindinni að bráð, jafnvel þar sem lengi var talið að frjó hugsun, en ekki bara rökhugsun, væri lykill að sigri.

Lærdómsvélarnar sem teljast vera þróaðasta gervigreind samtímans geta því séð við manneskjunni á flestum sviðum hugsunar þar sem leikreglur eru skýrt afmarkaðar og markmiðið er skilgreint með afdráttarlausum hætti. Mun flóknara er hins vegar að taka tillit til þess þegar leikreglurnar eru loðnar, markmiðin margþætt og siðferðisleg álitamál blandast í spilið. Þar sést vel munurinn á gervigreind tölvunnar og raungreind manneskjunnar.

**Dónalega Twitter-tölvan**

Fyrir rúmum þremur árum setti tölvufyrirtækið Microsoft í loftið gervigreinda gervimanneskju á samfélagsmiðilinn Twitter. Tay hafði það markmið að afla sér vinsælda og notfærði sér því allar þær upplýsingar sem henni voru tiltækar og dró rökréttar ályktanir út frá þeim. Gervimanneskjan setti saman tíst-texta og endurvarpaði frá öðrum og lærði af viðbrögðum samfélagsins hvað það var sem virkaði best og skilaði sem mestri athygli og vinsældum.

Þessi sakleysislega tilraun fór hratt út um þúfur. Innan örfárra klukkustunda var Tay farin að spýta út sér ýmiss konar óhróðri, kynþáttaníði, samsæriskenningabulli og öðru þaðan af verra. Forritararnir hjá Microsoft neyddust til þess að fjarlægja gervimanneskjuna sína eftir einungis 16 klukkustunda sigurgöngu hennar um ranghala internetsins. Þá var hún að sjálfsögðu orðin heimsfræg og búin að ná markmiðinu sem henni var sett, þótt aðferðin hafi verið allt önnur og ljótari heldur en Microsoft hafði í hyggju. Fyrirtækinu fannst niðurlægingin ósanngjörn því tölvuprakkarar höfðu sannarlega gert það að leik sínum að rugla hina barnalegu gervimanneskju í ríminu með því að koma af stað þeim vítahring sem leiddi til hörmunganna. Engu að síður stóð eftir sú staðreynd að gervigreindin hafði gert það sem til var ætlast af henni.

En þar sem Tay var bara gervigreind, en hvorki gervigáfuð né gervivitur—þá var hún algjörlega berskjölduð fyrir því að spilað væri á hana með þessum hætti.

**Gervigreindur forseti**

Árið 2017 skrifaði Robert Burton grein í New York Times þar sem hann gerði tilraun til að útskýra hvað fælist í gervigreind. Honum fannst óþarfi að leita langt yfir skammt. Í raun mætti færa ágæt rök fyrir því að heimsbyggðin fylgdist nú í fyrsta skipti með því að gervigreind hefði komist til æðstu valda; sem sagt í stólinn bak við stóra skrifborðið í sporöskjulaga skrifstofunni í stóra hvíta húsinu í höfuðborg Bandaríkjanna. Burton sagði að hegðun Donalds Trump passaði í raun fullkomlega við það hvernig gervigreind gæti náð völdum. Trump er nefnilega alveg örugglega bráðgreindur maður, í þeim skilningi að hann er fljótur að leysa rökþrautir, reikna saman tölur og sjá ýmis mynstur. Hins vegar er ekki sérlega margt sem bendir til þess að hann sé gáfaður, í þeim skilningi að hann hafi kynnt sér sögu, menningu, vísindi og trúarbrögð—og þaðan af síður vitur, í þeim skilningi að hann skilji aðrar manneskjur, geti sett sig í spor annarra og sé drifinn áfram af æðri gildum en eigin hagsmunum.

Og sína góðu greind hefur Donald Trump notfært sér til þess að sækjast eftir og ná því markmiði sem hann hefur einsett sér—sem sagt að verða forseti Bandaríkjanna. Rétt eins og Tay, þá hirðir Trump ekki mikið um aðferðirnar sem hann þarf að beita—niðurstaða leiksins er það eina sem skiptir máli.



**Sífellt fleiri og flóknari leikir hafa orðið tölvugreindinni að bráð, jafnvel þar sem lengi var talið að frjó hugsun, en ekki bara rökhugsun, væri lykill að sigri.**

**Gervigreind í Bretlandi**

Nú stefnir hraðbyri í að Boris Johnson verði forsætisráðherra Bretlands. Johnson er áreiðanlega bráðgreindur og örugglega vel lesinn. Það virðist þó hafa einkennt feril hans hingað til—alveg frá því hann var ræðusnéi á unglingsárum, blaðamaður og ritstjóri og svo vinsæll stjórnmálamaður—að láta flókinn sannleika skemma einfalda sögu. Um þetta hefur verið fjallað ítrekað í bresku blöðunum Financial Times og The Economist undanfarið og verður seint sagt að sú útgáfustarfsemi sé sérstaklega óvilhöll hægri mönnum. Johnson mun snemma hafa sett sér það markmið að verða forsætisráðherra og spilar nú á hvern þann streng sem skilar honum nær því marki.

Í heimi þar sem gjörðir hafa ekki afleiðingar gæti það verið hressandi skemmtun að hafa menn á borð við Trump og Johnson við stjórnvölinn. Stöðu þessara manna mætti kalla ákveðna staðfestingu á því að fólki finnist stjórnmál engu skipta í raun. En ef fólk þyrfti að velja einhvern til þess að gera fúsklaust eitthvað raunverulega mikilvægt eins og að laga bíl sem á að bera fjölskylduna manns, framkvæma á manni hættulega skurðaðgerð—eða bara gera eitthvað tiltölulega einfalt, eins og að pakka samviskusamlega ofan í ferðatösku—þá er líklegt að fæstir myndu leggja traust sitt á týpur eins og áhrifagjörnu gervimanneskjuna Tay, eða menn eins og Trump og Johnson.

Gervigreind mun eflaust taka yfir ýmis störf í framtíðinni en væri ekki betra að láta hana byrja á einhverju ögn einfaldara en að stjórna heiminum.


SÖGUR AF PLÖTUM

– með Bubba Morthens




Sögur af plötum er nýtt vikulegt hlaðvarp með Bubba Morthens á frettabladid.is þar sem hann rekur tilurð valdra plata úr safni sínu.

Hægt er að hlusta á þættina á frettabladid.is/hladvarp

HLAÐVARPIÐ

á frettabladid.is

– hlustaðu þegar þér hentar

Sögur af plötum er unnið í samstarfi við:

HAGKAUP Meira svona alla daga

FRETTABLADID.IS

# Heim í heimahagana

**Frank Lampard er tekinn við Chelsea þar sem hann gerði garðinn frægan á árum áður. Hann er þó ekki fyrsti stjórinn til að taka við liðinu sem gerði hann að stjörnu. Fréttablaðið fór í sögubækurnar og fletti upp þeim sem hafa tekið við liði þar sem ferillinn fór á flug og jafnvel bikurum var lyft.**



## GLENN HODDLE



Hoddle spilaði alls í 12 ár hjá Tottenham þar sem hann vann bikarmeistaratitilinn tvisvar sinnum svo og UEFA-bikarinn. Hann sneri til baka árið 2001 en var rekinn í september 2003 eftir heldur misheppnaða dvöl.

## ZINEDINE ZIDANE

Hann sló auðvitað ekkert í gegn með Real Madrid en hann tók óvænt við liðinu árið 2016 eftir að Real losaði sig við Rafa Benitez. Hann splæsti í þrjá Meistaradeildarbikara og hætti sem goðsögn. Er kominn aftur sem stjóri.



## KENNY DALGLISH

Gerðist stjóri 1985 en var samt enn að spila. Stýrði Liverpool til tvennunnar sama ár. Ótrúlegur leikmaður og ótrúlegur stjóri. Yfirgaf Liverpool árið 1991. Rúmum 20 árum síðar sneri hann aftur og vann deildabikarinn og komst í úrslit FA-bikarsins. Náði í Luis Suarez til félagsins en hætti 2012.



## FRANK LAMPARD

Lampard skrifaði undir þriggja ára samning við Chelsea en hann tekur við af Maurizio Sarri sem fór til Juventus. Lampard spilaði á sínum tíma 648 leiki og vann ellefu stóra titla á þrettán árum sem leikmaður Chelsea.



## HERMANN HREIÐARSSON

Hermann spilaði í fjögur ár með ÍBV áður en hann var seldur til Crystal Palace. Sneri aftur heim árið 2013 og tók við liðinu. Setti sig meðal annars í framherjann eins og frægt er orðið. Aðstoðaði síðast Kerala Blasters í Indlandi en Hermann hefur ekki sagt skilið við fótboltann. Hver veit nema að hann snúi aftur nú þegar Eyjamenn eru í vandræðum.

## ALAN SHEARER

Besti framherji sem England hefur átt og enska úrvalsdeildin hefur séð. 206 mörk á rúmum 10 árum sanna það. Því miður þá gekk ekki samstarfið árið 2009 og Newcastle féll með Shearer við stýrið. Hann er þó enn dýrkaður og dáður af stuðningsmönnum.







## RÚNAR PÁLL SIGMUNDSSON

Rúnar er af miklu stjörnukyni og spilaði allan sinn feril með Stjörnunni fyrir utan eitt tímabil með HK. Alls lék hann 149 leiki með félaginu samkvæmt heimasíðu KSÍ. Hann tók við liðinu árið 2014 og leiddi það til síns fyrsta og eina Íslandsmeistaratitils.



## RÚNAR KRISTINSSON

Kóngurinn í Frostaskjólinu sneri aftur til KR eftir að hafa reynt sig í atvinnumennskuþjálfun. Rúnar þekkir aðeins eitt hjá KR og það er að vinna titla enda er liðið á góðri leið með að hampa Íslandsmeistaratitlinum. Spilaði 126 leiki með KR á þeim árum sem hann var í Vesturbænum.



## ÓLAFUR KRISTJÁNSSON

Spilaði, samkvæmt heimasíðu KSÍ, 152 leiki fyrir FH á sínum tíma áður en hann skipti yfir í KR árið 1996. Hann þjálfaði svo Fram, Breiðablik, Nordsjælland og Randers áður en heimahagarnir kölluðu í fyrra.

## OLE GUNNAR SOLSKJÆR

Hvað skal segja? Solskjær byrjaði með látum og allir voru voðalega ánægðir enda sagði Norðmaðurinn alla réttu hlutina. Hann þekkti félagið út og inn og allt virtist í blóma. Tímabilið endaði þó ekkert sérstaklega vel og óveðursskýin halda áfram að hanga yfir Old Trafford.



# Afturelding vill selja nafnréttinn

**ÍÞRÓTTIR** Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur samþykkt með þremur atkvæðum að fela Haraldi Sverrissyni bæjarstjóra að ræða við fulltrúa Aftureldingar um fyrirkomulag merkinga á íþróttamannvirkjum og að niðurstaðan verði kynnt bæjarráði. Þetta kemur fram í fundargerð bæjarráðs í gær.

Afturelding óskaði eftir heimild bæjarráðs til að hefja viðræður við aðila sem hafa áhuga á því að gera auglýsingasamning við félagið um nöfn íþróttamannvirkja að Varmá. Samkvæmt bréfi félagsins til bæjarráðs vill Afturelding feta í fótspor annarra íþróttafélaga sem hafa gert viðlíka styrktarsamninga. Samkvæmt bréfinu er áhugi á að gera slíkan samning en félagið vill tryggja að það sé gert í fullu samráði við Mosfellsbæ.

„Í dag hafa nær öll íþróttafélög í efstu deildum í hópíþróttum á Íslandi gert slíka samstarfssamninga. Fyrir nokkrum árum var í gildi samningur á milli Aftureldingar og fyrirtækisins N1 sem fól í sér að íþróttahúsið að Varmá bar heitið „N1 Höllin“. Fordæmi er því til staðar innan Mosfellsbæjar,“ segir í bréfinu.

Áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna í bæjarráði bókaði að hann teldi það ekki góða þróun ef styrktarsamningur á milli Aftureldingar og einkafyrirtækis leiði til nafnbreytingar á skóla- og íþróttamannvirkjunum að Varmá sem séu alfarið í eigu Mosfellsbæjar. **– bb**

> **Í dag hafa nær öll íþróttafélög í efstu deildum í hópíþróttum á Íslandi gert slíka samstarfssamninga.**
>
> Úr bréfi Aftureldingar til bæjarins.



**Stuð í Varmá en það nafn gæti heyrt sögunni til.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

## KLÁRT Í FERÐALAGIÐ

**KIMS flögur**
Allar tegundir
**229kr**







**Capri Sun**
5x200 ml
**227kr**
(45 kr stk)

**1.793 kr/kg**
ALI GRILL KÓTILETTUR







**Knorr Snackpot**
Allar tegundir
**239kr**




**2.987kr/kg**
NORÐLENSKA ÚRB. LAMBALÆRI M/ KRYDDJURTUM

**TAPAZ**
500 ml
**457kr**
Grískar ólívur






SUPER 1
HALLVEIGARSTÍG 1



SUPER 1
SMIÐJUVEGI 2



OPIÐ
10:00 TIL 22:00
ALLA DAGA




**NÝJUNG**

**Ribworld grísarif**

**899** kr/pk

**NÝJUNG**

**Ribworld Pulled Pork**

**649** kr/pk




**Sweet baby ray´s BBQ sósa dýfa í eða setja á**

Verð frá **399** kr/stk

Tilboð gilda út 7. júlí




**Urban Accents poppmaís og krydd**

verð frá **649** kr/stk



**Atlanta Cheesecake Hágæða ostakökur beint frá USA**

verð frá **449** kr/stk

**15%** afsláttur




**Chicago Town pizzur Aðeins þrjár mínútur í örbylgjuofninn**

**322** kr/stk

Verð áður 379




**Omnom Krunch frábær ferðafélagi**

**659** kr/stk




**Vinsæla Sour Patch Kids hlaupið færðu í verslunum okkar**

verð frá **599** kr/stk




**Pepsi Max Cherry - Ginger - Lemon**

**99** kr/stk

# Meira girnilegt



25% afsláttur




Guy Fieri BBQ sósur
Guy Fieri sérfræðingur í BBQ sósum

verð frá **699** kr/stk

ÍSLANDS NAUT

Íslenskt ungnauta ribeye

**4.424** kr/kg
Verð áður 5.899 kr/kg




**NÝJUNG**

Hagkaupssósur
Smok Chip og In Out

**349** kr/stk

20% afsláttur




Grillbringur
Spicy Lemon og Black Garlic

**1.999** kr/kg
Verð áður 2.499 kr/kg

25% afsláttur




Íslenskt ungnauta file

**4.424** kr/kg
Verð áður 5.899 kr/kg

25% afsláttur




Hagkaup veislulæri

**2.174** kr/kg
Verð áður 2.899 kr/kg

HAGKAUP

Meira svona alla daga



✝

Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,

**Margrét Björnsdóttir**
hjúkrunarfræðingur,
Seiðakvísl 18, Reykjavík,

lést mánudaginn 1. júlí á líknardeild Landspítalans. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 10. júlí klukkan 13.00.

**Jón Hrafnkelsson**
**Björn Jónsson** — **Guðbjörg Jónsdóttir**
**Hrafnkell Jónsson** — **Þorbjörg R. Guðmundsdóttir**
**Þórey Björnsdóttir** — **Guðmundur Á. Björnsson**
**Henný Hraunfjörð** — **Ásgeir Þ. Másson**
**og barnabörn.**



✝

Elsku mamma, lieve schoonmoeder, amma og langamma,

**Jórunn Jónsdóttir**
(Jóly)
skrifstofustjóri,
Háaleitisbraut 137,
Reykjavík,

sem lést 1. júlí verður jarðsungin frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 11. júlí klukkan 15.00.

**Ingunn Elín Egilsdóttir** — **Róbert Kaatee**
**Jórunn Agla**
**Jannie Brynja**
**Birgir og Róbert**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gústaf Óskarsson**
kennari,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þriðjudaginn 2. júlí. Útför hans verður gerð frá Hveragerðiskirkju föstudaginn 12. júlí klukkan 14.00.

**Kristbjörg Markúsdóttir**
**Ólafur Jón**
**Ragnheiður Helga**
**Ósk**
**Hans**
**Áróra**
**Óðinn**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Hjartans þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elsku mömmu okkar,

**Dýrfinnu Helgu Klingenberg Sigurjónsdóttur**
ljósmóður.

Guð blessi ykkur öll.

**Elínborg Sigurðardóttir** — **Guðmundur Ingólfsson**
**Elínóra Inga Sigurðardóttir** — **Júlíus Valsson**
**Magnús Jóhannes Sigurðsson** — **Margarita Raymondsdóttir**
**Þórey Stefanía Sigurðardóttir**
**Sigríður Helga Sigurðardóttir** — **Guðmundur Vernharðsson**
**Jón Helgi Sigurðsson** — **Inga Hafdís Sigurjónsdóttir**
**Sigrún Jóna Sigurðardóttir** — **Kristófer Arnfjörð Tómasson**


Leyfðu okkur að aðstoða þig!
GARÐHEIMAR
540 3320 • gardheimar.is
blomabud@gardheimar.is



**„Í síðustu ferðinni upplifði ég sterkar tilfinningar því ég var að kveðja 97 ára kínverska ekkju sem hefur hleypt mér inn á heimili sitt með hópa í tíu ár. Hún stóð í gættinni þegar ég kom í bæinn hennar fyrst árið 2010,“ segir Unnur.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ég var að kveðja Kína

**Unnur Guðjónsdóttir er nýlega komin heim úr fertugustu hópferð Kínaklúbbs Unnar, til útlanda – aðallega Kína. Hún segir hana þá síðustu sem hún skipuleggi og auglýsi.**

Ég hef haft ægilega gaman af þessum ferðum,“ segir Unnur Guðjónsdóttir sem fyrir löngu er orðin landsfræg, ef ekki heimsfræg, fyrir ferðir Kínaklúbbs síns sem orðnar eru fjörutíu á tuttugu og sjö árum. Reyndar eru þar með taldar ferðir til Víetnam, Ástralíu, Indónesíu og Balí, Sýrlands, Jórdaníu, Brasilíu og Perú – en síðustu ellefu árin bara til Kína. Nú kveðst hún vera hætt. „Ég er nýkomin úr síðustu ferðinni sem ég auglýsi á vegum Kínaklúbbsins. En ef einhver vill að ég skipuleggi ferð þá veit ég ekkert betra en að sjá um það. Oftar en einu sinni hef ég gefið fólki ráð eftir að hafa spurt: „Viltu ekki bara hringja í kínverska sendiráðið?“ og fengið svarið: „Það vísar okkur á þig“.“

Unnur kveðst alltaf hafa lagt áherslu á að allir í hópnum fengju það mesta mögulega út úr ferðunum. „Kína er líka ótrúlegt land og hefur svo margt áhugavert að bjóða. Það er auðvitað risastórt, stærra en öll Evrópa og náttúran fjölbreytt eftir því. Í síðustu ferðinni upplifði ég sterkar tilfinningar því ég var að kveðja 97 ára kínverska ekkju sem hefur hleypt mér inn á heimili sitt með hópa í tíu ár. Hún á heima í 500 ára gömlum bæ með örmjóum götum og stóð í gættinni þegar ég var á ferðinni þar árið 2010, ég gæti ímyndað mér að það hafi verið í fyrsta skipti sem útlendingar komu í þennan bæ. Ég kann nokkur orð í kínversku svo ég spurði hana hvort við mættum koma inn og hún tók því vel. Í fyrra var ég hjá henni 31. maí, nú kom ég 4. júní, hún var í hreinni skyrtu og box með merkjum Íslands og Kína var á borðinu, hún var að bíða eftir mér. Þegar ég kvaddi hana var ég að kveðja Kína. Það var átakanlegt.“

> **Ég er nýkomin úr síðustu ferðinni sem ég auglýsi á vegum Kínaklúbbsins. En ef einhver vill að ég skipuleggi ferð þá veit ég ekkert betra en að sjá um það.**

Svíþjóð kemur sterkt við sögu í sambandi við ferðaskrifstofuna sem Unnur hefur rekið í hátt í þrjá áratugi og ástamál hennar einnig. Hún lærði nefnilega sænsku er hún bjó í Stokkhólmi með þáverandi unnusta, Ragnari Arnalds, á árunum 1959 og 60. Eftir að því sambandi lauk var hún að dansa í My Fair Lady í Þjóðleikhúsinu 1962, því hún er atvinnudansari, og kynntist þar sænskum tónlistarmanni sem hún giftist og bjó með í Stokkhólmi um skeið. En um jólin 1974 var hún ein á báti og skellti sér til Mexíkó. Þar komst hún í að aðstoða sænskan ferðahóp, vegna kunnáttu sinnar í málinu og í framhaldi af því bauð fararstjórinn, einn af eigendum Ving-resor, henni að fara með hóp til Mexíkó. „Ég sagði „já“, og nokkrum vikum síðar var ég komin þangað með 30 manns. Þannig hófst minn fararstjóraferill.“

Árin liðu og 1983 fór hún ein í þriggja mánaða ferð til Kína og fleiri Asíulanda og eftir þá ferð varð henni tíðrætt um Kína við vini sína. Tveir þeirra báðu hana að útvega sér ferð þangað, svo smávatt starfsemin upp á sig og hún stofnaði Kínaklúbb Unnar árið 1992. „Ég fór að setja saman ferðir og sýna fólki það sem mér fannst áhugavert, ekki bara þetta staðlaða sem kínverska ríkið skipuleggur. Þannig hefur þetta haldið áfram,“ lýsir hún.

Dansinn hefur verið stór þáttur í lífi Unnar, hún starfaði við hann bæði hér og í Stokkhólmi, þar sem hún rak eigin dansflokk. Segir einn af dönsurunum hafa kennt sér góða lexíu er hún hrósaði flokknum fyrir góða sýningu. „„Það er af því þú varst í svo góðu skapi,“ sagði strákurinn. Ég hafði ekki hugsað út í hversu mikil áhrif stjórnandinn hefði en þessi orð urðu mér leiðarstjarna í því sem á eftir kom.“

Unnur er kvik í hreyfingum, hjólar um borgina og í sumarbústaðinn sinn við Elliðavatn. Heimili hennar og kínverska safnið í bakgarðinum, sem opið er um helgar milli 14 og 16, eru full af listmunum og líta út sem ævintýraveröld. Hún riggar upp kínverskum matarboðum ef því er að skipta. Líka kínverskri leikfimi, Tai-Chi, og félagsmiðstöðvar borgarinnar að Vesturgötu 7 og Furugerði 1 fá hana til að halda skemmtikvöld með myndasýningum og dansi. „Ég segi alltaf „já“, svo fer ég að hugsa: Hvernig fer ég að þessu?“

**gun@frettabladid.is**

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 5. JÚLÍ 2019

# Lærði 14 ára að svetta

Í tvo og hálfan áratug hefur stækkandi hópur Íslendinga stundað svett að hætti frumbyggja Norður-Ameríku. →2



**Ásdís Þula Þorláksdóttir segir svettið bæði andlega og líkamlega heilandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


SUMARÚTSALA

10 - 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



ALLIR PÚÐAR
20 - 40%
AFSLÁTTUR



-25%

Askov Tungusófi 195x185 m kr. 176.600
NÚ KR. 132.450



ALLIR KLUKKUR
20% AFSLÁTTUR



-20%

Velvet snagar 3 stærðir
Ótal litir 3.200 - 3.800
NÚ 2.560 - 3.040



-30%

Bómullarmottur 120x180 kr. 23.900
NÚ KR. 16.900

20 - 40% AFSLÁTTUR AF NÆR ÖLLUM SMÁVÖRUM

LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Framhald af forsíðu ➜



Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Það eru ekki lengur bara undarlegir hippar sem stunda svett heldur alls konar fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ásdís Þula Þorláksdóttir og Natalie Gunnarsdóttir sjá um svitahofið í Hvammsvík ásamt Tolla Morthens sem er faðir Ásdísar. Tolli er einn þeirra sem sjá um svitahof Stríðsmanna andans. Vinkonurnar hafa boðið upp á svett fyrir hópa og einstaklinga í rúmt ár, einu sinni til tvisvar í mánuði. Athöfnin sem Ásdís og Natalie stunda kemur frá vesturhluta Bandaríkjanna. „Þá eru steinar hitaðir á báli, síðan skríður maður inn í lítið tjald og steinarnir settir þar inn. Tjaldinu er lokað þannig að það er algjört myrkur. Svo er vatni skvett á steinana svo það myndast mikill hiti á meðan sungnir eru gamlir indjánasöngvar.“

## Tjaldið táknar móðurkviðinn

Svettið byggist á fjórum lotum þar sem skipt er á heitu steinunum og farið yfir mismunandi stig þessa andlega ferðalags sem svettið er. „Maður er að leita eftir því að tengjast hinu upprunalegu sjálfi, hver við vorum þegar við vorum nýkomin í heiminn og ekki búin að lenda í öllum þessum áföllum. Tjaldið er tákngervingur fyrir móðurkviðinn. Við skríðum þarna inn, fáum að deyja táknrænum dauða og endurfæðast.“

Með svettinu er maður í rauninni að mæta sjálfum sér að sögn Ásdísar. Kyrjandi í myrkri og hita opnast fyrir möguleika á sjálfsskoðun og leit lausna að hinum ýmsu vandamálum. „Mér finnst auðvelt að vinna úr ýmsu sem er að hrjá mig á meðan ég er þarna inni. Svo þegar ég kem út þá er ég oft með nýja sýn á hversdagsleikann, vandamálin, mig sjálfa og lífið.“

## Þekkjum íslensku gufuna

Hér á Íslandi þekkjum við það að fara í gufuna í sundi og margir eru farnir að stunda kalda pottinn. „Maður finnur alveg að þetta gerir manni gott. Maður sveitir öllu út. Það er rík hefð fyrir því að svitna á Norðurlöndunum og svo eru heimildir sem benda til þess að inúítar hafi líka stundað það.“ Á meðan umgjörðin og athöfnin á norrænum slóðum er öðruvísi en hefð frumbyggja Ameríku þá mætti segja að þarna sé samræmi á milli.

Ásdísi finnst spennandi að sjá hve margir Íslendingar eru farnir að stunda andlega iðkun. „Íslendingar eru svo nýjungagjarnir og til í að fara í jóga, hugleiðslu, svitahof og kakóseremóníur. Núvitundarhugleiðsla er orðin stór hluti af lífinu fyrir mörgum og andleg iðkun yfirhöfuð. Ég held það sé einhver vakning í gangi á landinu. Það er skemmtilegt að fylgjast með þessari þróun. Um daginn var til dæmis einn sem mætti beint úr vinnunni í Borgartúni í lakkskónum og jakkafötunum. Þannig að það eru ekki lengur bara hipparnir sem mæta í þetta, heldur alls konar fólk.“

## Svettaði með pabba sínum

Sjálf hefur Ásdís svettað frá því hún var 14 ára gömul. Ásdís lærði að svetta af föður sínum. „Þannig að þetta var orðinn mjög hversdagslegur hlutur að fara í svett með pabba og vinum hans,“ segir Ásdís. „Eins og með flest sem maður elst upp í þá missti ég áhugann um tíma,“ en eftir að Ásdís flutti úr landi um tvítugt fann hún fyrir því að hún saknaði svettsins.

„Þetta er svo mikil heilun. Þannig að ég fór að leita eftir því að komast í svett í Kaliforníu þar sem ég bjó og fór þá í svitahof hjá indjána sem heitir Úlfur.“ Ásdís fór í mörg slík svitahof í Bandaríkjunum og segist þá hafa lært hvað maður þarf að bera mikla virðingu fyrir svettinu. „Það hjálpaði mér að skilja betur stöðu indjána í Bandaríkjunum í dag og áður fyrr.“ Það er alls ekki sjálfsagt að fólk í heiminum geti stundað svett að hætti frumbyggja Norður-Ameríku að sögn Ásdísar. Þessi aldagamla hefð varð ekki lögleg fyrr en seint á síðustu öld.

„Indjánar hafa auðvitað orðið fyrir aðför í Bandaríkjunum síðan „nýlendupésarnir“ komu þangað. Þeir voru síðastir til að fá þetta trúfrelsi sem átti að koma með stjórnarskránni.“

## Ólöglegt að svetta

Ásdís segir að þegar nýlenduþjóðirnar komu til Ameríku þá hafði fólkið þar verið með svitahof alls staðar. Hofin voru bæði notuð fyrir athafnir og praktíska notkun sambærilega finnsku gufunni. „Ef maður var veikur þá fór maður í hofið, svitnaði í hálftíma og steypti sér svo í kalt vatn. Nýlendumönnunum fannst þetta ógeðslegt. Þeir vildu ekkert baða sig og notuðu bara ilmvötn. Þannig að þetta var bannað og þegar indjánar máttu ekki svetta lengur urðu allir veikir. Fólk dó bara úr flensu.“ Sem betur fer hélt Lakota-þjóðin í svetthefðina og eftir að hún varð lögleg breiddu þeir út þekkingu sína á henni.

Athöfnin sem Ásdís og Natalie stunda er samkvæmt hefð sem Somp Noh Noh frá Chukchansi-þjóðinni kenndi nokkrum Íslendingum þegar hann kom hingað til lands árið 1991. Þær hafa meðal annars verið með svett sem er einungis fyrir konur. „Okkur datt í hug að það væri gaman að prófa það,“ segir Ásdís. Frá því að fólk byrjaði að stunda svett á Íslandi hafa nánast einungis karlar leitt svett, fyrir utan Lailu sem sér um svitahofið rétt hjá Laugarvatni. „Það hefur verið mjög skemmtileg og gefandi reynsla, enda er það önnur upplifun. Maður leyfir sér aðra hluti og upplifir svettið öðruvísi þegar maður er bara með kynsystrum sínum.“ Ásdís segir að það sé ekki endilega betra en samkynjasvett en maður nær annarri nálgun á sig sjálfan.

> Ég held það sé einhver vakning í gangi. Það er skemmtilegt að fylgjast með þessari þróun. Um daginn var til dæmis einn sem mætti beint úr vinnunni í Borgartúni í lakkskónum og jakkafötunum. Þannig að það eru ekki lengur bara hipparnir sem mæta í þetta, heldur alls konar fólk.

„Maður er ófeimnari, sérstaklega ef maður þekkir ekki alla í hópnum.

Þá finnur maður kannski fyrir meira öryggi, sama með karla sem eru í karlasvetti.“

Kvennasvett eða karlasvett hentar kannski líka konum og körlum sem hafa lent í kynferðisofbeldi og vilja ekki sitja hálfnakin með hinu kyninu í litlu tjaldi.

Ásdís og Natalie hafa í samstarfi við Andagift súkkulaðisetur verið með kakósvett þar sem byrjað er á að drekka hreint kakó og síðan farið í svett. „Það var rosalega skemmtilegt,“ segir Ásdís. „Seremóníukakó er samt ekkert voðalega bragðgott, það er vont en það venst. Það er mjög hollt fyrir þig og hjartaopnandi.“ Á meðan það er hefð fyrir kakódrykkju í Suður-Ameríku þá kemur svettið frá Norður-Ameríku. „Þarna mættust á Íslandi suðrið og norðrið í Ameríku.“

## Fólki fannst þetta skrýtið

Áður fyrr var hópurinn sem stundaði svett hér á landi lítill og lokaður. „Fólki fannst þetta frekar skrýtið. Það er ekkert langt síðan að þeir sem stunduðu andlega iðkun voru bara einhverjir undarlegir hippar.“ Ásdís nefnir sem dæmi að fyrir ekki svo löngu þótti það voðalega sérstakt að borða ekki kjöt. „Þetta er allt að breytast.“

Í dag er samfélag manna sem stunda svett orðið miklu stærra. Þegar Somp Noh Noh kom hingað til lands voru örfáir sem lærðu aðferðir hans.

„Þá var það bara fólk sem þekktist innbyrðis sem kom í svitahofin.“ Með mætti Facebook hefur fólk utan þessa hóps sem lærði svettið fyrst fengið að kynnast þessu. „Fólk er jafnvel að mæta bara eitt, veit ekkert um þetta og finnst þetta spennandi. Þetta getur verið mikið ferðalag og lífsbreyting fyrir þá sem koma hingað í fyrsta sinn.“

## Ekki ætlunin að pynta

Svett er samt ekki beint líkamlega þægilegt. „Þetta getur verið alveg hrikalegt. En ég treysti því að fólk hafi dómgreindina til að segja stopp og fara út ef hitinn verður of mikill,“ enda er tilgangur svettsins ekki að pynta fólk. „En þetta er auðvitað heitt og við þurfum alveg að drekka vatn þarna inni. Maður er aðeins að stíga yfir þægindaþröskuldinn. Það er hluti af þessari hreinsun. Þetta má alveg vera óþægilegt svo lengi sem hitinn er ekki eitthvað sem maður getur ekki afborið. Svo getur þetta verið áskorun fyrir fólk sem er kannski myrkfælið eða með smá innilokunarkennd. En það er ótrúlegt að sjá hvað fólk kemst klakklaust í gegnum þetta. Ég held að söngurinn hjálpi þar mikið til því þá nær maður að anda rétt í gegnum þetta.“

## Svett fyrir áfangaheimili

Ásdís segir frá því að Stríðsmenn andans séu að byggja svitahof fyrir áfangaheimilið Krýsuvík. „Það kom hópur þangað um daginn sem fannst þetta æðislegt.“ Að sögn Ásdísar getur svettið verið gott fyrir þá sem eru að stíga út úr vímuefnaneyslu. Runni Jónsson, sem var einn af þeim fyrstu til að stunda svett hér á Íslandi, rak meðferðarstöð í Svíþjóð ásamt eiginkonu sinni, Elísabetu Bjarnadóttur. Hjónin voru miklir frumkvöðlar í notkun á svetti í vímuefnameðferð, eins og segir í innleggi á Facebook-síðu Tolla. Því mun svitahofið í Krýsuvík kallast Runni, til minningar um hann. Búist er við að hofið verði fullbyggt í lok mánaðarins.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Útivist og göngur

FÖSTUDAGUR 5. JÚLÍ 2019



Brynjólfur Gíslason hefur farið víða um heiminn til að ganga á fjöll. Hér er hann í Slóveníu fyrir nokkrum árum.

# Ferðaðist með 30 kíló á bakinu á fjöllum í Síberíu

Brynjólfur Gíslason starfaði lengi sem sveitarstjóri en árið 2008 söðlaði hann um og gerðist leiðsögumaður göngufólks. Undanfarin ár hefur hann farið einn síns liðs til framandi landa til að ganga á fjöll með þarlendum íbúum. Í júní kynntist hann glaðværum og lífsglöðum Rússum. →2



Göngur hafa lengi verið áhugamál Brynjólfs og líklega hafa fáir Íslendingar ef einhver komið jafn víða á fjöll í heiminum.



Það kom Brynjólfi á óvart hversu gróðursælt er í fjöllunum í Síberíu og umhverfið gríðarlega fallegt.



Síðasta ferð Brynjólfs var til Síberíu þar sem hann slóst í hóp með nokkrum Rússum sem hann segir að hafi verið einstaklega glaðværir og skemmtilegir.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Brynjólfur er nýkominn heim frá Síberíu þar sem hann gekk á Altai-fjöllin. Áður hefur hann gengið á Nýja-Sjálandi, í Nepal, Úkraínu, Slóveníu, Georgíu, Búlgaríu, Marokkó og Kirgistan svo eitthvað sé nefnt. Göngur hafa lengi verið áhugamál hans og hann minnist skemmtilegra gönguferða allt frá tvítugsaldri.

Brynjólfur var sveitarstjóri á Hvammstanga, Tálknafirði og Patreksfirði en hann þekkir vel allar gönguleiðir frá þeim bæjum. Hann hefur margsinnis gengið yfir hálendið og gist þar í tjaldi jafnt að sumri sem vetri. „Ég hef lengi verið að ráfa um landið. Þetta þótti skrítið áhugamál hér um árið enda tíðkuðust göngur ekki þá líkt og nú. Ég var talinn hálf skrítinn þegar ég var á gangi í nágrenni Þórshafnar í gamla daga. Eftir að ég lauk leiðsögunámi árið 2008 lagði ég göngur fyrir mig sem atvinnu og gerðist gönguleiðsögumaður. Aðallega voru það göngur frá Laka í Skaftafell, um Laugaveginn og fyrir austan Vatnajökul. Tímabilið var stutt, frá júní og fram í september,“ útskýrir Brynjólfur. „Það er ákveðinn hópur fólks sem hefur gaman af því að ganga með allan farangur á bakinu og sofa í tjaldi hvernig sem viðrar,“ bætir hann við. „Á undanförnum árum hefur færst í aukana að fólk fari í göngur um landið en það kýs að gista í skálum og fá allan farangur sendan með bílum,“ segir hann.

## Á framandi slóðum

Í nokkur ár hefur Brynjólfur farið til framandi landa og gengið þar um fjöll og firnindi. Hann gekk til dæmis á Nýja-Sjálandi í 26 daga eftir mjög góðum og skipulögðum göngusvæðum. Í Nepal gekk hann bæði um túristasvæði og upp í sveitir þar sem fáir koma og fannst það afar skemmtilegt. „Ég fer helst ekki þessar hefðbundnu slóðir,“ segir hann. „Ég held að það séu ekki margir Íslendingar sem hafa gengið um Karpatafjöll í Úkraínu en þangað hef ég komið tvisvar. Síðan tel ég ólíklegt að margir Íslendingar hafi gengið í Kirgistan en þar eru einnig frábærar gönguleiðir,“ segir hann. „Sömuleiðis hef ég farið um Atlasfjöllin í Marokkó, Júlíönsku alpana í Slóveníu, Balkanfjöllin í Búlgaríu og Tatrafjöllin sem liggja milli Slóvakíu og Póllands,“ greinir Brynjólfur frá en í júní lá leið hans til Serbíu sem hann segir að einungis sérvitringar láti sér detta í hug að fara.

## Með Rússum í Síberíu

„Ég kynntist nokkrum Rússum á göngu fyrir nokkrum árum sem kjósa að ganga með allan farangur á bakinu eins og ég. Í fyrra hafði ég samband við tvo þeirra og bauð þeim að koma með mér í ferð um hálendi Íslands en þeir komust ekki, voru á leið til Georgíu þar sem er reyndar mjög skemmtilegt að ganga. Annar þeirra bauðst til að ræða fyrir mig við göngufólk í Síberíu sem hann þekkir og sem þrammar um Altai-fjöllin með farangurinn á bakinu. Ég setti mig í samband við þetta fólk og var boðið að koma á staðinn. Ég þurfti aðeins að borga 37 þúsund krónur fyrir fjórtán daga gönguferðina, leiðsögn, mat og akstur, auk flugsins. Þarna lenti ég með hópi áhugasamra Rússa í skemmtilegu ferðalagi,“ segir Brynjólfur. „Yfirleitt fer ég einn í ferðirnar en alltaf er göngufólk í leiðinni sem maður kynnist. Í Síberíuferðinni var aðeins einn sem talaði ensku og gat túlkað,“ segir Brynjólfur en næsta ferð er enn óráðin hjá honum fyrir utan fjölskylduferð til Portúgals í haust. Eiginkonan fer ekki með honum í göngur enda mjög erfiðar ferðir þar sem göngugarparnir eru með upp undir 30 kíló á bakinu í upphafi ferða sem taka 13-14 daga. „Þessar gönguferðir eru eingöngu fyrir mjög vant fólk.“

## Veiddi fisk til matar

Þegar Brynjólfur er spurður hvernig ferðin hafi verið. Hvort eitthvað hafi komið honum á óvart, svarar hann: „Þetta var stórkostleg ferð og margt sem kom mér á óvart, sérstaklega hve gróðursælt er í fjöllunum þarna ólíkt mörgum öðrum stöðum. Þegar við vorum á ferðinni í júní var allt í blóma. Félagsskapurinn var sömuleiðis alveg frábær. Það var ekkert gas með í ferðinni en matreitt við opinn eld enda góð eldstæði og feikinóg af eldiviði. Við gátum soðið vatn í te og útbúið grauta eða pasta en annars var maturinn fábrotinn utan þess þegar ég veiddi harra í matinn en hann líkist silungi. Einn í hópnum lét sig hafa það að bera gítar á bakinu og blokkflautu. Hópurinn var ræstur á morgnana með blokkflautuleik. Einnig voru kvöldvökur og leikrit svo þetta var líflegur og glaðvær hópur. Það var ekki drukkinn vodki í þessari ferð enda virtist það ekki vera til siðs á þessum slóðum í fjöllunum. Það kom mér á óvart þar sem mikill vodki var drukkinn fyrir kvöldmatinn á fjöllum í Úkraínu,“ segir Brynjólfur sem tók með sér veiðigræjur í ferðina.



Þótt veðrið væri hlýtt og gott á daginn var oft snjór og frost á nóttunni.

„Veiðin gekk vel og einn daginn fékk ég 27 harra. Það var bónus fyrir hópinn að fá nýveiddan fisk. Við steiktum fiskinn í tvö fyrstu skiptin en í það þriðja var hann útbúinn þannig að tínd voru laufblöð af sólberjarunna og fleiri runnategundum. Yfir þetta var settur haugur af salti og látið liggja í fjórar klukkustundir. Þá var hann borðaður hrár eftir að saltið hafði verið tekið frá. Þetta var einstaklega gott sushi,“ segir Brynjólfur og bendir á að hver ferð sem hann fari sé einstök og kúltúrinn misjafn eftir löndunum. Í þessari ferð hafi verið gengnir 7 km upp í 22 á dag.

Brynjólfur hefur einnig farið í lengri göngur eins og Lykíuleiðina í Tyrklandi sem er 500 km löng og Jakobsveginn frá Frakklandi til Santiago de Compostela á Spáni sem er 760 kílómetrar.

## Fjölskyldan sátt

Brynjólfur segir að fjölskyldan sé alveg sátt við þetta brölt hans. „Hún er farin að taka mark á mínu gamla mottói að það sem ekki drepur mann herðir mann,“ segir hann. Hér heima gengur hann um Elliðaárdalinn og labbar oft á Esjuna. Þá fer hann ósjaldan í tjaldferðir á hálendið á veturna. „Mér er aldrei kalt, klæði mig eftir veðri,“ segir hann. „Allur útivistarfatnaður er orðinn svo góður að það er ekki mikið mál þótt veður sé rysjótt. Það er til dæmis léttara að ganga á frosinni jörð en þegar hún er ófrosin. Í Síberíu var 20 stiga hiti á daginn en stundum frost og snjókoma á nóttinni. Léttir og góðir skór eru nauðsynlegir til göngu. Þeir þurfa að styðja vel við ökklann en það er engin ástæða til að vera í þungum bomsum,“ segir göngugarpurinn Brynjólfur.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103, | Veffang: frettabladid.is




## NÝ UPPLIFUN Í GÖNGU- OG HLAUPASKÓM!



**HOKA - SKY TOA**

Magnaðir utanvega göngu/hlaupaskór.

Tvöfaldi miðsólinn veitir einstaka dempun. Vatnsheldir, einstaklega stöðugir og þægilegir. Sérstaklega stamur VIBRAM sóli með 5 mm tökkum sem veita mjög gott grip.

Drop: 4 mm - þyngd: 376 gr.
Verð: kr. 24.990.-



**HOKA - Evo Mafate**

Dregur nafn siff af erfiðustu keppnum heims á Reunion eyju. Sérstaklega styrktur með KEVLAR og MATRYX efni sem eykur styrk og stöðugleika. Öflugir með gott grip.
Drop: 5 mm - þyngd: 251 gr. Verð kr. 24.990.-



**HOKA - ARKALI**

Topp gönguskór sem hlotið hafa mikið lof.
Kevlar þræðir gera þá extra sterka.
Léttir, þægilegir og góðir í erfiðum aðstæðum.
Mjög stamur VIBRAM sóli með 5 mm tökkum sem veita mjög gott grip.
Drop: 5 mm - þyngd: 376 gr.
Verð kr. 24.990.-



**HOKA - Torrent**

Utanvega hlaupaskór sem eru hannaðir og byggðir fyrir heimsklassa hlaupafólk. PROFLY miðsóli veitir fyrirgefanlega lendingu og fljóta spyrnu. Samblanda af dempun og lipurð.

Drop: 4 mm - þyngd: 254 gr.
Verð: kr. 21.990.-



**HOKA - Speedgoat**

Magnaðir utanvega skór sem eru mjög stöðugir þar sem þeir eru byggðir á ögn breiðari sóla og stuðla á þann hátt að meira öryggi við erfiðar aðstæður.

Vibram sólinn er sérstaklega stamur með 5mm tökkum sem veita mjög gott grip.

Drop: 4 mm - þyngd: 292 gr.
Verð: kr. 23.990.-



**HOKA - SKY KAHA**

Öflugir, léttir og mjúkir gönguskór í hverskonar fjallgöngu og utanvegagöngur.

VIBRAM sóli veitir mjög gott grip.
Vatnsheld Event filma.

Drop: 6 mm - þyngd: 426 gr.
Verð: kr. 29.990.-



**ULTRASPIRE HLAUPAVESTI**

Létt yfir bringusvæðið og gerir allar hreyfingar þægilegar. Vasi fyrir brúsa að framan. 2 ltr. vatnsgeymir á bakinu og hefur rennda vasa fyrir alla nauðsynlegustu hlutina.
Verð kr. 16.990.-

SPORTÍS

MÖRKIN 6 - 108 RVK - S: 520-1000 - SPORTIS.IS

# Axarkast í Furulundi

**Í dag verða Skógarleikarnir haldnir í fjórða sinn í Furulundi þar sem keppt verður í axarkasti og trjáklifri til dæmis.**



Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is


Þetta er orðinn árlegur viðburður hér hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur," segir Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir sem stýrir Skógarleikunum. Hún segist taka eftir að fólk sé farið að þekkja viðburðinn og hlakka til að koma. „Þetta er orðinn fastur liður sumarsins fyrir þá sem koma á leikana."

Guðfinna segir það mikilvægt fyrir Skógræktarfélagið að minna almenning á Heiðmörk og tækifærin sem þar leynast. „Þetta er skógur sem mjög margir hafa tekið þátt í að gróðursetja og margir eiga því minningar frá því að hafa verið að planta trjám. En fyrsta gróðursetningin í Heiðmörk var 1949 svo það eru núna 70 ár síðan."

Með Skógarleikunum er sýnt fram á fjölbreytni og töfra skógarins. „Íslendingar eru ekki uppalin skógarþjóð á meðan margar þjóðir í kringum okkur eru það. Skógarleikarnir eru liður í því hvernig er hægt að njóta skógarins og samhliða kynna starf skógfræðinga og skógarhöggsmanna eða -kvenna."

Á Skógarleikunum er fólki kennt að tálga úr ferskum við, lita klæði úr jurtum sem má finna í skóginum og krökkum er kennt að kljúfa við með kjullu og exi. Það verður grillað yfir varðeldi, seiðkona í Skógarleikatjaldinu mun bjóða upp á töfrastund og gestum verður sýnd skúlptúragerð úr trjábolum. Síðan mun eldsmiður hamra járn yfir logandi eldi og rista möndlur.

„Svo er keppt í skógaríþróttum sem er sjónrænt og skemmtilegt að horfa á." Keppendur eru fagfólk í skógarhöggi þar sem unnið er með hættuleg verkfæri á borð við keðjusagir og axir. Það er til dæmis keppt í sporaklifri þar sem er verið að hlaupa upp tré á tímatöku.


Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir og Orri arboristi ætla að draga fram töfra skógarins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


Orri arboristi er klár í hættulegu trjáklifri.


Berserkir bjóða 12 ára og eldri að prófa axarkast.

> **Allir sem koma eru svo þakklátir og glaðir fyrir að fá að upplifa eitthvað alveg einstakt.**
>
> **Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir**

Orri arboristi og Sebastian Morgenstjerne frá félaginu Trjáprýði munu einnig kynna fyrir gestum vinnubrögð trjáklifrara, síðan verður keppt í afkvistun trjábola, nákvæmnisfellingu og bolahöggi.

Guðfinna segir að það sé skemmtilegt hvað myndist mikil stemning í kringum keppnirnar enda ekki eitthvað sem maður sér dagsdaglega. Þó keppnirnar séu ekki opnar almenningi til þátttöku geta gestir fengið að prófa axarkastið undir leiðsögn. Fyrirtækið Berserkir sérhæfir sig í slíkri leiðsögn og einstaklingar sem hafa náð 12 ára aldri geta fengið að prófa. „Það hefur verið rosalega vinsælt að fá að prófa axarkastið. Venjulega hefur það verið í boði eftir keppnina en nú ætlum við að hafa sérstaka axarkaststöð fyrir almenning á meðan á leikunum stendur."

Í boði verður að hlusta á fræðsluerindi Gústafs Jarls Viðarssonar, skógfræðings hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, um kolefnisbindingu trjáa. „Hún er mikið í umræðunni en það eru kannski ekki allir sem átta sig á hvernig hún virkar." Mastersritgerð Gústafs fjallar um kolefnisbindingu trjáa og því ætlar hann að bjóða fólki að fræðast betur um hana.

„Annars er þessi dagur ætlaður fyrir fólk sem vill hafa það notalegt í Furulundi hjá okkur, enda er staðurinn einn sá vinsælasti í Heiðmörk. Það er alltaf ævintýraleg stemning sem skapast á þessum degi. Það er gaman að finna fyrir því að allir sem koma eru svo þakklátir og glaðir fyrir að fá að upplifa eitthvað alveg einstakt."






XTM 100% merinó ullarnærfötin halda hita en ekki svita. Undurmjúk og hlý ullarnærföt.
Eftirlætisflíkur útivistarfólks. Buxur, bolir, og sokkar. Dömu-, herra- og barnastærðir.
XTM ullarvörur fást í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10, Reykjavík og hjá útibúum Olís um land allt.
olís REKSTRARLAND

FJALLA KOFINN

15 ára

2004 - 2019

# Rafmögnuð afmælistilboð

Borgarhjól



BH EASYGO CROSS RAFMAGNSHJÓL 28", 250W
21 GÍRAR OG PÚÐABREMSUR. 250W MÓTOR.
KR. ~~299.995~~

25% AFMÆLISTILBOÐ
**KR. 224.996**

Cross hjól



BH XENION CROSS 28" RAFMAGNSHJÓL
VANDAÐ "HYBRID" HJÓL MEÐ FRAMDEMPARA
OG DISKABREMSUM. 250W BOSCH STUÐNINGSMÓTOR.
KR. ~~479.995~~

25% AFMÆLISTILBOÐ
**KR. 359.996**

Borgarhjól



BH EVO CITY WAVE PRO RAFMAGNSHJÓL
EINSTAKLEGA VANDAÐ BORGARHJÓL
MEÐ 350W MÓTOR.
KR. ~~464.995~~

25% AFMÆLISTILBOÐ
**KR. 348.746**

Borgarhjól



BH REBEL CITY LITE RAFMAGNSHJÓL
EINSTAKLEGA VANDAÐ BORGARHJÓL
MEÐ 250W MÓTOR.
KR. ~~424.995~~

25% AFMÆLISTILBOÐ
**KR. 318.746**

BH

**Skoðaðu og prófaðu BH rafhjól á innanhúss hjólabraut í verslun okkar Kringlunni 7**

Aldrifshjól



BH AWD 27,5" PLUS PRO ALDRIFSHJÓL
RAFMAGNSHJÓL MEÐ DRIFI Á BÁÐUM HJÓLUM,
DISKABREMSUM OG SHIMANO XT GÍRASETTI
KR. ~~539.995~~

25% AFMÆLISTILBOÐ
**KR. 404.998**

Fjallahjól



BH EVO 29 PRO RAFMAGNSHJÓL 29", 350W
20 GÍRA FJALLAHJÓL MEÐ DISKABREMSUM
OG FRAMDEMPARA.25% AFMÆLISTILBOð -
KR. ~~519.995~~

25% AFMÆLISTILBOÐ
**KR. 389.996**

Fulldempuð hjól



BH ATOM-X LYNX 5 27,5" RAFMAGNSHJÓL
ÖFLUGT 10 GÍRA FJALLAHJÓL MEÐ DISKABREMSUM
OG FULLRI DEMPUN.
VEL ÚTILÁTIÐ RAFMAGNSFJALLAHJÓL.
KR. ~~749.995~~

25% AFMÆLISTILBOÐ
**KR. 562.496**

Malarhjól



BH REBEL GRAVEL X RAFMAGNSHJÓL
SKEMMTILEGT 22 GÍRA GRAVEL HJÓL MEÐ
DISKABREMSUM OG SHIMANO 105 GÍRUM.
VEL ÚTILÁTIÐ RAFMAGNSHYBRIDHJÓL.
KR. ~~589.998~~

25% AFMÆLISTILBOÐ
**KR. 442.499**

Kringlan 7 | Laugavegur 11 S: 510 9505 | fjallakofinn.is

FJALLA KOFINN

# Að léttast með röskri göngu

**Margir leyfa sér meira en ella í sumarfríinu. Fólk fær sér góðan mat og nýtur lífsins. Það er alltaf hætta á að bæta á sig nokkrum kílóum, sérstaklega ef fólk fer á hótel þar sem allt er innifalið.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Ganga í 30 mínútur á dag eru heilsubætandi. Helst þarf að ná 10 þúsund skrefum yfir daginn. NORDICPHOTOS/GETTY

Á sólarströnd þar sem hitinn er mikill sækir fólk í ís, gos eða kaldan bjór. Síðan eru pitsur og pasta vinsælir réttir. Brauð er talsvert borðað að ógleymdum steikunum. Þegar heim er komið fer fólk í þann gírinn að losa sig við aukakílóin. Það er vel hægt setji fólk sér markmið. Til dæmis er upplagt að fara út og ganga rösklega. Gott veður ætti að hvetja fólk til þess. Röskleg ganga á hverjum degi er ótrúlega góð til að brenna kaloríum hratt og örugglega.

Það hentar sumum betur að ganga en hlaupa. Fólk ætti að velja sér hreyfingu við hæfi. Ganga í 30 mínútur á dag losar fólk einnig við stress og er fyrirbyggjandi gegn streitu auk þess sem flestir sem hafa verið úti í fersku lofti sofa betur.

Fyrir utan að brenna kaloríum á göngunni styrkir maður vöðva í lærum og rassi. Ef maður gengur alla daga í 30 mínútur í senn verður það sömuleiðis til þess að fólk hugar frekar að mataræðinu.

Við þurfum helst að ganga 10 þúsund skref á dag til að ná heilsumarkmiðum. Þeir sem eru með snjallúr geta auðveldlega fylgst með hversu mörg skref þeir taka og það getur verið mjög hvetjandi. Einnig er hægt að bera á sér skrefamæli.

Til að njóta göngunnar þarf fólk að vanda vel val á skóm. Í vönduðum og góðum skóm gengur fólk oft lengra en það ætlaði í upphafi. Upplagt er að hafa með sér góða gönguskó í vinnuna og fá sér göngutúr í hádeginu. Þá er gott ráð að leggja bílnum fjarri vinnustað til að fá smá göngutúr eða ganga til vinnu sé það hægt. Takið stigann í stað lyftunnar.

Þeir sem vilja ná enn meiri árangri í fitubrennslunni ættu að prófa ketó-fæði um tíma. Það getur verið erfitt að fylgja ketó-mataræðinu en alveg ástæða til að reyna, að minnsta kosti í einhvern tíma, ef fólk vill til dæmis losa sig við magafitu.

> **Fólk ætti að velja sér hreyfingu við hæfi. Ganga í 30 mínútur á dag losar fólk einnig við stress og er fyrirbyggjandi gegn streitu auk þess sem flestir sem hafa verið úti í fersku lofti sofa betur.**

Ketó gengur út á að draga verulegu úr neyslu á kolvetnum. Sumum finnst það lítið mál en aðrir geta ekki hugsað sér þetta mataræði. Helst þarf kolvetnaneyslan að vera undir 50 grömmum á dag vilji fólk fylgja ketó.






Það skiptir máli að vera í góðum skóm á langri göngu.

**Borðið sem minnst af þessum fæðutegundum:**

- Pasta
- Hrísgrjónum
- Kartöflum
- Brauði
- Korntegundum á borð við bulgur, kínóa, bygg, maís eða hafra
- Þurrkuðum baunum og linsum
- Ávöxtum
- Rótargrænmeti
- Mjólk og jógúrt
- Sykri, öllu sælgæti, kökum, gosdrykkjum og bjór

**Veljið þetta frekar:**

- Hnetur
- Skyr og gríska jógúrt. Aðrar sykurlausar prótínríkar jógúrttegundir.
- Ost
- Rjóma og sýrðan rjóma
- Kjöt
- Fisk
- Skeldýr
- Alifugla
- Egg
- Lárperur
- Ólífur
- Ferskt grænmeti eins og blómkál, spergilkál, papriku, lauk, tómata, grænt salat og fleira
- Ber
- Ólífuolíu, hnetuolíu, lárperuolíu og rapsolíu

Ketó-mataræði er ekki fyrir alla, hentar til dæmis ekki konum með barn á brjósti, fólki með blóðþrýstingsvandamál og er á lyfjum, sykursjúkum, íþróttafólki sem æfir stíft.


SUMARMARKAÐUR
20–50% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
SCARPA MOJITO SKÓR
VERÐ ÁÐUR 19.995 KR.
VERÐ 15.996 KR.
20% AFSLÁTTUR
ELLINGSEN BRYGGJUPEYSA
VERÐ ÁÐUR 19.995 KR.
VERÐ 15.996 KR.
30% AFSLÁTTUR
COLOMBIA TRAIL MAGIC JAKKI
VERÐ ÁÐUR 34.995 KR.
VERÐ 24.497 KR.
50% AFSLÁTTUR
COLOMBIA CALDORADO HLAUPASKÓR
VERÐ ÁÐUR 26.995 KR.
VERÐ 13.498 KR.
20% AFSLÁTTUR
OSPREY KESTREL 38L BAKPOKI
VERÐ ÁÐUR 28.995 KR.
VERÐ 23.196 KR.
30% AFSLÁTTUR
MUCK ARTIC SPORT STÍGVÉL
VERÐ ÁÐUR 17.995 KR.
VERÐ 12.597 KR.
40% AFSLÁTTUR
DEVOLD TINDEN SPACER PEYSA
VERÐ ÁÐUR 29.995 KR.
VERÐ 17.997 KR.
50% AFSLÁTTUR
THE NORTH FACE VENTURE JAKKI
VERÐ ÁÐUR 24.995 KR.
VERÐ 12.498 KR.
50% AFSLÁTTUR
COLEMAN SILVERTON 250 SVEFNPOKI
VERÐ ÁÐUR 14.995 KR.
VERÐ 7.498 KR.
50% AFSLÁTTUR
COLEMAN DECK STÓLL
VERÐ ÁÐUR 13.995 KR.
VERÐ 6.998 KR.
50% AFSLÁTTUR
COLEMAN KOBUK VALLEY 2 TJALD
VERÐ ÁÐUR 18.995 KR.
VERÐ 9.498 KR.
50% AFSLÁTTUR
SAFARICA NIMBA BORÐ
VERÐ ÁÐUR 6.995 KR.
VERÐ 3.498 KR.
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS



**Grænmeti er gott í gönguna.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Nesti fyrir gönguferðina

Hvort sem þú ert að fara í langa göngu eða stutta þá er alltaf gott að hafa með sér nesti. Nestið í gönguferðina þarf að vera eitthvað sem þarfnast ekki kælingar og er ekki of þungt í bakpokann.

### Banani og hnetusmjör

Prótein og holl fita. Bananar innihalda kalíum sem hjálpar til við að koma í veg fyrir krampa í vöðvum. Þessi hráefni eru mjög seiðandi og geta snögglega aukið orkuna.

### Hnetur og fræ

